

fjallskilaskyldu, að tilfæra það, að hann hafi beðið annan mann um hjálp til gangnaskila.

Tilraunir ákærða til þess, að útvega manninn fyrir sig í fjallgöngurnar hafa verið svo lítilfjörlegar og ófullnægjandi, að þær geta ekki að neinu leyti afsakað vanrækslu ákærða með gangnaskil. Verður því ekki hægt að taka þessa ástæðu ákærða til greina. Þar sem ákærði ekki getur tilfært neinar aðrar ástæður til afsökunar vanrækslu sinni um fjallskil, en framan er tilgreint, og ekki er hægt að taka til greina, þá verður að álitast, að ákærði hafi án nægilegra ástæðna skorast undan að inna fjallskil af hendi, eins og honum bar, og er þetta brot hans ásamt annara er skoruðust undan fjallskilum því tilfinnanlegra þar sem gangnafall varð að gjöra af þeim ástæðum hjer á Seyðisfirði við 3. göngur í haust sbr. þingskj. nr. 1. — Brot ákærða heyrir undir 13. gr. fjallskilareglugjörðar Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstaðar frá 5. júlí 1918 og þykir refsing sú er hann hefir til unnið hæfilega ákveðin 50 — fimmtíu — króna sekt er renni í bærsjód Seyðisfjarðarkaupstaðar.

Svo greiði og ákærði í málskostnað af máli þessu 7 — sjö — krónur. — Á rekstri málsins hefir enginn ónaðsýnlegur dráttur orðið.

Föstudaginn 12. okt. 1923.

Nr. 25/1923.

**Lögreglustjórinn í Reykjavík
f. h. ríkissjóðs.**

(Jón Ásbjörnsson)

gegn

R. P. Leví

(M. Guðmundsson),

útaf frádrætti skulda frá atvinnutekjum.

Úrskurður fógetarjettar Reykjavíkur 30. jan. 1923: Hin umbeðna lögtaksgjörð á ekki fram að fara.

Dómur hæstarjettar.

Í skattframtali sínu fyrir árið 1921 taldi stefndi til frádráttar atvinnutekjum sínum ýmsar upphæðir,

er alls námu kr. 74718,00, en hvorki skattstjórinn nje yfirskattanefnd, er stefndi síðar kærði skatt sinn fyrir, tók þann frádrátt til greina. Eftir því sem málið liggur fyrir við hæstarjett er að eins spurning um rjett stefnda til að draga frá atvinnutekjum sínum 1921 tvo liði af upphæðum þessum, tapaðar verslunarskuldir, kr. 1745,40 og tap á útgerð m/b Blika, kr. 44997,64, en þessar tvær upphæðir eru samanlagðar hærri en atvinnutekjur þær, er skattstjóri og yfirskattanefnd höfðu gjört stefnda að greiða skatt af. Áfrýjandi vefengir það nú eigi að stefndi hafi átt rjett á að draga frá atvinnutekjum sínum 1921 tap á útistandandi verslunarskuldum það ár, nje heldur að honum hafi verið rjett að draga tap á útgerð m/b Blika það ár frá gróða á öðrum atvinnutekjum sínum. Ágreiningurinn hjer fyrir rjettinum er að eins um það hvort nokkuð tap hafi orðið og þá hve mikið. Mótmælir áfrýjandi því, að stefndi hafi árið 1921 tapað verslunarskuldum þeim, sem að framan eru nefndar, svo og að hann það ár hafi tapað á útgerð m/b Blika. Gegn þessu heldur stefndi því fyrst og fremst fram, að í fógetarjettinum hafi því ekki verið mótmælt, að hann (stefndi) hafi árið 1921 tapað þessum upphæðum, og með því hafi gjörðarbeiðandi óbeinlínis viðurkent þetta og geti nú ekki komið fram með mótmæli eða vefengingar á þessu atriði. Á þetta verður ekki fallist. Fulltrúi lögreglustjórans, er mætti í fógetarjettinum, mótmælti varnarskjali því, er stefndi lagði þar fram, svo og öðrum varnargögnum hans, að svo miklu leyti sem þau kæmu í bága við lögtakskröfuna og með tilliti til þess, að gjöra verður ráð fyrir, að lögreglustjóranum eða fulltrúa hans, hafi verið ókunnugt um á hverju yfir-

skattanefndin byggði úrskurð sinn, þykja þessi mótmæli nægilega ákveðin.

Hin framkomnu mótmæli þykja því ekki ofseint framkomin, og þar sem stefndi hefir eigi gegn þeim fært sönnur á að hann hafi tapað umgetnum verslunarskuldum árið 1921 nje að hann það ár hafi tapað á útgerð m/b Blika áðurnefndri upphæð, enda hafa engir reikningar fyrir útgerðina verið lagðir fram í málinu, verða mótmæli hans gegn lögtakinu eigi tekin til greina.

Það verður því samkvæmt kröfu áfrýjanda að fella hinn áfrýjaði lögtaksúrskurð úr gildi og skylda fógötann til þess að framkvæma hið umbeðna lögtak.

Með tilliti til þess, að ekki hefir verið tekið fram í úrskurði yfirskattanefndar af hvaða ástæðum frádráttarkröfu stefnda hefir verið synjað og þetta hefir heldur eigi komið fram í fógötarjettinum, þykir rjett að málskostnaður í hæstarjetti falli niður.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði lögtaksúrskurður skal úr gildi feldur og ber fógötanum að framkvæma hið umbeðna lögtak.

Málskostnaður í hæstarjetti fellur niður.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Við ákvörðun tekju- og eignaskatts hjer í Reykjavík árið 1922 var gjörðarpola Ragnari P. Levi kaupmanni hjer í bæ gjört að greiða kr. 1649,50 í tekju- og eignaskatt. Gjörðarpoli taldi sjer ekki skylt að greiða neinn tekjuskatt og að eins kr. 173,00 eignaskatt, og hefir hann greitt þær. Hefir lögreglustjórinn krafist þess f. h. rikissjóða, að lögtak fari fram fyrir mismuninum

kr. 1476,50 auk kostnaðar við lögtakið og eftirfarandi uppboð, en þessu er mótmælt af gjörðarþola.

Gjörðarþoli gaf sjálfur upp tekjur sínar og eignir, og dró þá frá tekjum þeim, sem hann hafði á árinu af verslun sinni tapaðar útistandandi skuldir á árinu, að upphæð kr. 1745,40, og ennfremur tap, sem hann hafði beðið á árinu á rekstri mótorbátsins Blika að upphæð kr. 44997,40. Skattstjórinn vildi ekki taka frádrátt þennan til greina og á sömu leið fór, er gjörðarþoli kærði fyrir yfirskattanefnd, en í málinu er ekkert upplýst um það, af hverjum ástæðum það hafi verið.

Fógetarjetturinn verður að telja það edlilegt og í samræmi við tekjuskattslögin nr. 44/1921, bæði að maður, sem rekur tvær atvinnugreinar, þar sem önnur hefir tap í för með sjer, en hin gróða á sama ári, megi draga tapið af annari atvinnugreininni frá gróðanum á hinni, er hann gefur upp tekjur sínar til skatts, á sama hátt og honum ber að greiða skatt af tekjum þeim samanlögðum, sem báðar atvinnugreinarnar gefa af sjer, ef vel gengur; og eins hitt, að draga megi frá skuldir þær, sem sannanlega tapast á árinu á atvinnurekstrinum, enda verður ekki betur sjeð af eftirriti af brjefi frá fjármálaráðuneytinu til skattstjóra dagsettu 24. maí f. á., sem lagt hefir verið fram í málinu, en að bæði þessi stjórnarvöld sjeu þeirrar skoðunar, að skattalögin heimili þetta hvorttveggja.

Því hefir nú ekki af hálfu gjörðarbeiðanda verið nægilega mótmælt, að gjörðarþoli hafi á árinu 1921 tapað á útistandandi verslunarskuldu kr. 1745,40 og, á mótorbátaútgæru kr. 44997,40, og engin græin verið gjörð fyrir því, hvers vegna honum var synjað um frádrátt á tapi þessu frá skattskyldum tekjum hans s. á.

Fógetarjetturinn verður nú að vera þeirrar skoðunar, að ágreiningurinn í þessu máli um það, hvort gjörðarþoli hafi átt rjett á að draga ummælt tap frá skattskyldum tekjum sínum, heyrir undir úrlausn dómstólanna, en sje ekki um mat, sem yfirskattanefnd hefir fullnaðar-úrskurðarvald um eftir greindum lögum, úr því telja verður in confesso, að tapið sje í raun og veru beðið á árinu 1921. Þar sem fógetarjetturinn ennfremur, eins og að framman greinir, verður að vera gjörðarþola samdóma um það, að hann hafi átt rjett á frádrættinum, verður að taka til greina mótmæli hans gegn framgangi gjörðar þessarar.